

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131000090/ksj

Lýsing, deiliskipulag Skálholts

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 10. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi jarðarinnar Skálholt í Bláskógabyggð.

Fram kemur í lýsingu að markmið deiliskipulagsins er að gera heildarskipulag fyrir Skálholtsjörð. Skipuleggja á byggingarsvæði fyrir starfsemi tengda Skálholtsskóla og Skálholtskirkju, miðaldakirkju (tilgátubygging), og þjónustusvæði fyrir ferðamenn. Einnig kemur fram að huga þarf almennt að skipulagi byggðar, umhverfis, umferðar og gróður, athuga fráveitumál og afmarka svæði fyrir skógrækt. Áætlað deiliskipulag mun ná yfir alla jörðina Skálholt, sem er rúmlega 1500 ha að stærð.

Lýsing á skipulagsverkefni

Í lýsingu er ekki farið yfir stærðir væntanlegra nýframkvæmda á svæðinu eða staðsetningu. Að mati Umhverfisstofnunar er umfang væntanlegra framkvæmda og staðsetning þeirra, þau atriði er munu hafa mestu sjónrænu og umhverfislegu áhrifin. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fullt tillit verði tekið til þeirra bygginga sem nú eru á Skálholtssstað, þegar hugað er að umfangi áætlaðra bygginga.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í lýsingu eru verndarsvæði á áætluðu deiliskipulagssvæði. M.a. svæðið Skálholtstunga og Mosar sem er á náttúruminjaskrá (764). Mikilvægt er að tekið verði tillit til verndarsvæðanna við deiliskipulagsgerðina.

Skógrækt

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ef halda á áfram með skógrækt á jörðinni, þá fari sú skógrækt fram fjarri Skálholtssstað og verði áfram norðan við Skálholtsveg.

Ásýnd og umhverfi


Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að heildarásýnd Skálholtssstaðar haldist þrátt fyrir að áætlað er að bæta við byggingum á svæðið. Skálholt er eitt af menningarlegum

höfuðbólum Íslendinga, með skrásetta sögu frá árinu 996.

Niðurstaða

Í lýsingu er ekki farið yfir áætlaðar staðsetningar og stærðir væntanlegra framkvæmda, en að mati Umhverfisstofnunar munu þau atriði ráða mestu um umhverfisáhrif væntanlegs deiliskipulags. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi ekki til með að rýra menningarsögulegt og sagurfræðilegt gildi Skálholts og að ásýnd staðarins muni ekki raskast við áætlaðar nýbyggingar á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að staðsetningar áætlaðra bygginga sem nú er verið að deiliskipuleggja á Skálholtsstað verði skoðaðar af kostgæfni, og sérstaklega þarf að hafa í huga að þær rísi ekki of nálægt Skálholtskirkju, og raski þeim heildarsvip sem náðst hefur við þróun núverandi byggðar. Umhverfisstofnun telur að meta þurfi umhverfisáhrif nýrra bygginga á ásýnd svæðisins og að þess verði gætt að nýframkvæmdir hafi ekki veruleg neikvæð sjónræn áhrif á Skálholt og umhverfi.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun